

yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmanna Magnúsar Sigurðssonar og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. maí 1915.

Nr. 50/1914

St. Th. Jónsson, Sigurður Jónsson, Þórarinn Guðmundsson og Jón Stefánsson

gegn

Birni Lindal f. h. Mowinkel & Co.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi, Björn Lindal yfirréttarmálaflutningsmaður á Akureyri fyrir hönd Mowinkel & Co. í Bergen, fyrir gestarétti Seyðisfjarðarkaupstaðar, með stefnu dags. 28. nóv. 1911, gegn áfrýjendum Stefáni Th. Jónssyni, Sigurði Jónssyni, Þóarni Guðmundssyni og Jóni Stefánssyni, sem eigendum firmans Helgi Björnsson & Co. í Borgarfirði eystra út af upphaflega 2709 kr. 87 aura hárrí viðskiftaskuld, sem að viðbættum vöxtum til 21. nóv. 1911, þá var talin 3043 kr. 17 aur. Áfrýjendurnir gagn-

stefndu stefnda og kröfðust þess, að hann gerði þeim full reikningsskil að viðlögðum dagsektum, greiddi þeim alt að 5000 kr. skaðabætur og málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Málinu lauk í héraði með gestaréttardómi nefnds kaupstaðar, gengnum 29. ágúst 1914, á þá leið, að áfrýjendurnir skyldu einn fyrir alla og allir fyrir einn greiða stefnda fyrir hönd Mowinckel & Co. 2953 kr. 69 aura, að viðbættum 6% vöxtum frá 25. nóv. 1911, en málskostnaður skyldi falla niður, bæði í aðalsökinni og gagnsökinni.

Dómi þessum hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. nóv. 1914 og krefjast þeir þess, að gestaréttardómnum verði hrundið og breytt þannig, að þeir verði algjörlega sýknaðir, en stefndi skyldaður til þess að viðlögðum dagsektum, að gera þeim full reikningsskil, að greiða þeim alt að 5000 kr. í skaðabætur og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi krefst hins vegar staðfestingar dómsins og málskostnað fyrir yfirdómi, eftir mati réttarins.

Áfrýjendurnir byggja kröfur sínar á því, að Mowinckel & Co., er árin 1906—1909 hafði selt nokkuð af islenzkum vörum fyrir félagið Helgi Björnsson & Co., félag með fullri ábyrgð, sem áfrýjendurnir áttu, hafi eigi gert nægileg skil fyrir sölu sinni, hvorki sent skilagrein fyrir hverri vörusendingu né kaupmiða (Slutseddel), og hafi Mowinckel & Co., auk þess selt vörur félags þeirra við óhæfilega lágu verði, jafnvel sjálfum sér, og þó reiknað sér umbodslau.

Stefndi hefir hinsvegar haldið því fram, að

Mowinckel & Co. hafi gert Helga Björnssyni & Co. rétt skil á réttum tíma og framlagði í héraði sundurliðaðan reikning yfir öll viðskifti málsaðila 1906—'09 og sérskilagrein fyrir viðskiftum þeirra 1908—1909. Skilríkjum þessum hefir áfrýjandi ekki hnekt, og verður því hvorki skila- né sýknukröfu þeirra sint, enda of seint að heimta nú skil fyrir margra ára gömlum viðskiftum.

Þá hefir stefndi neitað því, að Mowinckel & Co. hafi selt vörur Helga Björnssonar & Co. við lægra verði en hægt var að fá fyrir þær, eða keypt sjálfur og þó reiknað sér umboðslaun. Og með því að áfrýjendurnir hafa hvorki sannað að svo hafi verið, né að Mowinckel & Co. hafi bakað þeim tjón á annan hátt, þá verður skaðabótakrafa þeirra eigi heldur tekin til greina.

Ber því að staðfesta gestaréttardóminn samkv. kröfu stefnda, og þykir eftir þeim málalokum rétt, að áfrýjendurnir greiði stefnda málskostnað í yfirdómi með 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir, Stefán Th. Jónsson, Sigurður Jónsson, Þórarinn Guðmundsson og Jón Stefánsson greiði stefnda, Birni yfirréttarmálaflutningsmanni Lindal fyrir hönd Mowinckel & Co. í Bergen málskostnað í yfirdómi með 25 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum. —

Mánudaginn 10. maí 1915.

Nr. 29/1915.

Jóhann Jónsson
 gegn
 Kristínu Pétursdóttur.

D ó m u r :

Mál þetta, sem rekið hefir verið fyrst fyrir lög-
 lögreglurétti Reykjavíkurkaupstaðar og síðan fyrir
 lögreglurétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, var dæmt
 í síðarnefndu héraði 14. nóv. f. á. og lögregluréttar-
 dóminum síðan skotið til yfirdóms til staðfestingar,
 með stefnu dags. 15. f. m. En þar sem héraðsdóm-
 urunum hefir ekki verið stefnt, ber að frávísa mál-
 inu ex officio. Stefnda hefir hvorki mætt né látið
 mæta í yfirdómi, og verða henni því ekki gerðar
 ómaksbætur af hendi áfrýjanda.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi.